

Nd.

794. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. 5. og 6. setning 1. gr. orðist svo:

Lyfsölum skal og heimilt að flytja til landsins vinanda og annað áfengi, sem lyfjaskrá heimilar, svo og smáskamtalyf með vinanda í. Smáskamtalæknum er heimilt að fá í innlendum lyfjabúðum smáskamtalyf með vinanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests.

2. Upphaf 2. málsg. 3. gr. orðist svo:

Stjórnarráðið getur veitt fólksflutningaskipum, sem hafa rúm fyrir 25 farþega eða fleiri og eru í siglingum o. s. frv.

3. 6. málsg. 3. gr. orðist svo:

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, ef eigi upplýsist við rannsókn, að annar skipverji sje sekur um brotið, og þá hver.

4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verði 4. gr., svohljóðandi:

Skylt er hverjum manni, sem hist hefir ölvaður, að gera fyrir dómara grein fyrir því, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum, 20—500 krónum.